

Alþingi
Erindi nr. P 127/1090
komudagur 11.3.2002



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 10. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1/1979, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Stjórn Landssambands lögreglumanna hefur á fundi sínum yfirfarið fyrirbyggjandi frumvarp og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við það.


Í **fyrstu grein** frumvarpsins segir m.a., “Lögreglumanni sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir”. Misræmi er á orðalagi þessa frumvarps og frumvarps til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum en þar segir í annari grein: “Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.” Stjórnin leggur til að orðalag verði samræmt í frumvarpinu þannig að “**Lögreglumanni sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, skal reiknaður ellilífeyrir.....**”

Að því gefnu að starfslokaaldur lögreglumanna verði lækkaður enn frekar með reglugerð er með öllu óverjandi að þeir öðlist ekki jafnframt rétt til lífeyris frá sama tíma.

Þá er í **þriðju grein** frumvarpsins sett tímamörk við 1. október 2002. Stjórn LL telur eðlilegt að þeim hópi sem nú stendur á þessum tímamótum verði veittur lengri aðlögunarfrestur í fyrsta sinn. Það er bæði mannlegt og eðlilegt að þurfa að búa sig andlega undir starfslok og þó víst muni margir nýta sér þessa breytingu strax eru alltaf einn og einn sem þurfa lengri aðlögunartíma. Stjórnin leggur því til að þessi frestur verði framlengdur til allt að **1. október 2003**.

Stjórnin styður eindregið öll meginmarkmið þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,


Jónas Magnússon, formaður

Landssamband lögreglumanna
stofnað 1. desember 1968

Grettisgata 89
105-Reykjavík

sími 354-525-8360
telefax 354-525-8369
E-mail ll@bsrb.is